



Kópavogsbær

Sumarnámskeið

Kópavogi, 26.02.2026

Starfsreglur lýðheilsu- og íþróttanefndar Kópavogs um rekstur á sumarnámskeiðum fyrir börn á aldrinum 6-14 ára.

Umsóknir

Félög sem hyggja á rekstur sumarnámskeiða í Kópavogi og óska eftir að fá starfsmenn frá Kópavogsbæ geta sótt um á sérstöku eyðublaði fyrir **29. mars 2026**.

Starfsfólk

Öll sumarnámskeið á vegum Kópavogsbæjar eða námskeið sem Kópavogsbær útvegar starfsmenn á, skulu uppfylla eftirfarandi skilyrði er varða starfsmannahald:

- **Umsjónarmaður/-menn með námskeiðum skulu vera 22 ára eða eldri.** Menntunarskilyrði: íþrótta- og/eða uppeldismenntun, eða sambærileg menntun. Æskilegt er að viðkomandi hafi reynslu af störfum með börnum eða unglingum.
- **Leiðbeinendur á námskeiðum sem bera ábyrgð á börnum skulu vera 18 ára eða eldri.**
- **Aðstoðarmenn teljast þeir sem eru á aldrinum 16-17 ára og bera ekki ábyrgð á börnum.** Eru fyrst og fremst til aðstoðar umsjónarmönnum/leiðbeinendum.
- Allir starfsmenn sem vinna á námskeiðum skulu hafa hreint almennt sakavottorð.
- Allir starfsmenn skulu hafa sótt námskeið í skyndihjálp á síðustu tveimur árum.

Aðbúnaður og fjöldi barna

- Öll námskeið verða að vera með gildar tryggingar.
- Hámarksfjöldi á hvern leiðbeinenda eru 20 börn.
- Húsnæði og önnur aðstaða skal standast almennar öryggiskröfur og úttekt heilbrigðiseftirlits.

Eftirlitsskylda

Íþróttadeild hefur eftirlit með námskeiðum. Allir aðilar sem halda námskeið og fá starfsmenn frá Kópavogsbæ eiga að skila inn skýrslu í lok námskeiða þar sem tiltekið er:

- Lista með fjölda barna á hverju námskeiði þar sem skráð er fullt nafn, kyn, kennitala og heimilisfang.
- Fjöldi og aldur starfsmanna á hverju námskeiði.
- Dagskrá námskeiða.
- Uppgjör námskeiða, þ.e. sundurliðaðar tekjur og gjöld.

Fjöldi barna

Fjöldi barna á námskeiði verður alltaf að fara eftir aðstöðunni og aðstaðan þarf að vera samþykkt af heilbrigðiseftirlitinu og Íþróttadeild Kópavogsbæjar.

Íþróttadeild gerir ráð fyrir að félögin greiði af þeim tekjum sem þau fá af námskeiðunum laun vegna yfirstjórnar, þar með talin laun eins stjórnanda.

Virðingarfyllst,

Gunnar Guðmundsson

Deildarstjóri íþróttadeildar